

## FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 14. desember 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 13<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Fjárhagsáætlun

#### a) Endurskoðun áætlunar 2005.

Fyrir fundinum lá tillaga endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2005 sem sveitarstjóri kynnti. Breytingar á áætlun byggjast á þeim breytingum sem orðið hafa á rekstir frá fyrri áætlun og þeim ákvörðunum um fjárfestingar og útgjöld sem teknar hafa verið frá fyrri áætlun. Hreppsnefnd ræddi tillöguna og gerði tillögu að enn frekari breytingum á áætluninni. Breytingatillagan var síðan samþykkt.

#### b) Fjárhagsáætlun 2006

Fyrir fundinum lágu fyrstu drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árið 2006. Hreppsnefnd ræddi aðrar forsendur fjárhagsáætlunar og samþykkti að taka áætlunina til fyrri umræðu á fundi 20. desember nk.

Einnig lá fyrir fundinum bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem minnt er á að tilkynna verði fjármálaráðuneyti um ákvörðun sveitarstjórna um útsvarsprösentu fyrir tekjuárið 2006.

Samþykkt að útsvarsprösentu í Höfðahreppi verði óbreytt frá fyrra ári, 13,03%.

### 2. Hafnarreglugerð

Fyrir fundinum lá hafnarreglugerð sem vísað var til endanlegrar afgreiðslu hreppsnefndar eftir orðalagsbreytingar sem Samgönguráðuneytið gerði.

Hreppsnefnd samþykkti reglugerðina með áorðnum breytingum.

### 3. Atvinnumál.

Fyrir fundinum lá skýrsla ráðgjafafyrirtækisins Skyggnis sem gerði úttekt á fimm fyrirtækjum á staðnum með það að markmiði að skoða vaxtamöguleika þeirra. Í skýrslunni eru einnig gerðar nokkrar tillögur um næstu skref í málinu. Skýrslan var til kynningar.

Sveitarstjóri kynnti stöðu olúbirgðamála á Skagaströnd en fyrirliggjandi er að olúbirgðatankar standast ekki mengunarvarnarkröfur.

Málið var til kynningar en sveitarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að málinu.

### 4. Bréf:

a) *Snorraverkefnisins, 21. nóvember 2005.*

*Í bréfinu er gerð grein fyrir verkefninu sem er fólgið í að halda uppi og rækta tengsl við ungt fólk af íslenskum ættum í Kanada. Jafnframt er þess farið á leit við sveitarfélög að þau leggi verkefninu lið með fjárframlagi.*

*Ekki var vilji til að leggja fé í verkefnið .*

b) *Samfés, dags. 25. nóvember 2005..  
Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi. Þá er í bréfinu óskað eftir 10.000 kr. framlagi vegna félagsmiðstöðvarinnar Undirheima. Samþykkt að verða við erindinu.*

c) *Latabæjar ehf.  
Með bréfinu kynnir Latibær ehf. starfsemi sína og óskar eftir að sveitarfélagið styðji verkefnið "Orkuátak 2006 –Virkjum komandi kynslóð" með 30.000 kr framlagi. Ekki var áhugi fyrir að styðja verkefnið.*

#### **5. Fundargerðir:**

a) *Byggingarnefndar, 3. nóv. 2005.  
Fundaragerðin var samþykkt.*

b) *Leikskólanefndar, 26. okt. 2005.  
Fundaragerðin var samþykkt.*

c) *Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 27. okt. 2005.  
Fundaragerðin var til kynningar.*

#### **d) Önnur mál.**

Sveitarstjóri kynnti bréf sem borist hafði frá Þorbjörgu Magnúsdóttur um málefni grunnskólans.

Fyrir fundinum lá bréf Stéttarfélagsins Samstöðu þar sem óskað er eftir fundi um kjaramál í framhaldi af samningi Eflingar og Reykjavíkurborgar.

Hreppsnefnd samþykkti að vísa erindinu til Launanefndar sveitarfélaga, sem fer með samningamál fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 16<sup>20</sup>

---

---

---